

Tilraun til útreikninga á fjárhagslegum áhrifum þess að allt skólahald Þingeyjarskóla færist í Aðaldal.

	Sveitarsjóður	
Brýnt viðhald sem ráðast þarf í strax að mati skýrsluhöfundar svo að hægt verði að flytja alla nemendur Þingeyjarskóla í Hafralækjarskóla.	-16.600.000 kr.	
Viðhald sem fara þarf í "seinna" á þeim hluta Hafralækjarskóla sem skilgreindur er sem kennsluhúsnæði.	-249.000.000 kr.	
Kostnaður við að breyta íbúð í Hafralækjarskóla í leikskóla en það er sterkur vilji meðal starfsmanna Barnaborgar og foreldra barnanna um að leikskólinn flytjist ef áfram verður kennt í Hafralækjarskóla.	-35.000.000 kr.	
Kostnaður við að gera leikskólalóð fyrir utan Hafralækjarskóla.	-5.000.000 kr.	*
Kostnaður við endurbætur á aðstöðu til íþróttakennslu og búningasklefum í Ýdolum en enginn úttekt fór fram á ástandi þess húsnæðis og því hversu dýrar þær framkvæmdir yrðu en öllum hlýtur að vera ljóst að þar þarf fljótlega líka að fara í framkvæmdir ef nota á húsið áfram sem íþróttahús.	-5.000.000 kr.	*
Kostnaður við að endurgera sundlaug við Hafralækjarskóla en megin rökin fyrir því að foreldrar kvörtuðu undan skólastarfinu og vildu færa það allt á einn stað var þessi þvælingur á milli skólastöðva. Ef kennt yrði sund á Laugum en allt annað í Hafralækjarskóla þurfa börnin að fara áfram jafn oft á milli starfstöðva og þau gera í dag. Það kemur því varla annað til greina en að gera sundlaug.	-75.000.000 kr.	
Söluandvirði alls Litlulaugaskóla (753 m <sup>2</sup> ) fyrir helmingi hærra fermetraverð en Hafralækjarskóla. Ástand hússins er betra en kostnaður við að breyta því í atvinnuhúsnæði eða íbúðir tel ég háan sökum steyptra innveggja. Er samt bjartsýnn og set verðið helmingi hærra en á Hafralækjarskóla.	49.698.000 kr.	*
Kostnaður við að flytja Bókasafn Reykdæla yfir í annað húsnæði í eigu sveitarfélagsins.	-2.000.000 kr.	*
	<b>-337.902.000 kr.</b>	
<b>Breytingar á framtíðartekjum Þingeyjarsveitar ef skóli verður áfram í Hafralækjarskóla</b>		
Árleg fasteignagjöld af fimm 150 m <sup>2</sup> íbúðum í Litlulaugaskóla <b>eða</b> af 750 m <sup>2</sup> atvinnuhúsnæði.		?
Árleg gjöld fyrir heitt vatn fyrir fimm 150 m <sup>2</sup> íbúðir í Litlulaugaskóla <b>eða</b> 750 m <sup>2</sup> atvinnuhúsnæði.		?
Aukið útsvar með tilkomu starfa í því fyrirtæki sem kæmi til með að verða í húsnæði Litlulaugaskóla <b>ef</b> þar verður starfandi fyrirtæki.		?
<b>Breytingar á framtíðarútgjöldum Þingeyjarsv. ef skóli verður áfram í Hafralækjarskóla.</b>		
Sveitarfélagið gætti hætt að taka svo mikinn þátt í rekstri íþróttahússins á Laugum í formi leigu fyrir aðstöðu til íþróttakennslu og með því að greiða fyrir starfsmann á móti húsvaðarstöðu sem greidd er af FL. Það myndi þó þýða að væntanlega yrði ekki hægt að hafa sundlaugina opna eins mikið og nú er og húsið yrði oftast lokað og ekki víst að hópar gætu leigt sér tíma í því.		?

\* Þessar upphæðir eru "skáldaðar" af mér en vonandi samt ekki alveg út í loftið. Betri menn en ég mega gjarnan reyna að laga þær til.

Tilraun til útreikninga á fjárhagslegum áhrifum þess að allt skólahald Þingeyjarskóla færist í Reykjadal.

	Sveitarsjóður	
Viðbygging við Litlulaugaskóla svo að nægt rými verði fyrir alla nemendur Þingeyjarskóla	-248.000.000 kr.	
Tengibygging milli Litlulaugaskóla annars vegar og Krílabæjar og tónlistardeildar hins vegar en eðlilegt hlýtur að teljast að farið verði í þær framkvæmdir síðar.	-52.000.000 kr.	
Kostnaður við að byggja við Barnaborg en það hlýtur að þurfa að gera það ef hann á áfram að vera á sama stað og nú. Varla er ástæða til þess að flytja hann í Hafralækjarskóla ef ekki er kennt þar lengur.	-22.500.000 kr.	*
Kostnaður við endurbætur á skólalóð Litlulaugaskóla en það hlýtur að þurfa að gera eitthvað fyrir þessa fábrotnu skólalóð þegar börnunum fjölgar.	-20.000.000 kr.	*
Söluandvirði alls Hafralækjarskóla (2.980 m <sup>2</sup> ) fyrir sama verð og nú er verið að selja Laugabakkaskóla í Húnavatnssýslu, fermetrinn á u.þ.b. 33.000 kr. Skólinn er í lélegu ástandi en hentar vel til að breyta í nánast hvað sem er sökum fárra steyptra innveggja. Með í kaupunum eru þrjár 140 m <sup>2</sup> íbúðir sem hugsanlega væri rétt að verðmeta hærra.	98.340.000 kr.	*
	<b>-244.160.000 kr.</b>	
<b>Breytingar á framtíðartekjum Þingeyjarsveitar ef skóli verður áfram á Litlulaugum.</b>		
Árleg fasteignagjöld af þremur 140 m <sup>2</sup> íbúðum í Hafralækjarskóla		?
Árleg fasteignagjöld af 2.500 m <sup>2</sup> atvinnuhúsnæði, Hafralækjarskóla.		?
Árleg gjöld fyrir heitt vatn fyrir þrjár 140 m <sup>2</sup> íbúðir í Hafralækjarskóla.		?
Árleg gjöld fyrir heitt vatn fyrir 1.500 m <sup>2</sup> atvinnuhúsnæði, Hafralækjarskóla.		?
Aukið útsvar með tilkomu starfa í því fyrirtæki sem kæmi til með að verða í húsnæði Hafralækjarskóla.		?
<b>Breytingar á framtíðarútgjöldum Þingeyjarsveitar ef skóli verður áfram á Litlulaugum.</b>		
Vætanlega hækkar sú leiga sem greiða þarf fyrir afnot af íþróttahúsi FL þegar öll íþrótt- og sundkennsla flytst þangað.		?

\* Þessar upphæðir eru "skáldaðar" af mér en vonandi samt ekki alveg út í loftið. Betri menn en ég mega gjarnan reyna að laga þær til.